



Siðareglur Borðtennissambands Íslands

Siðareglur þessar eiga við um alla aðila innan Borðtennissambands Íslands, bæði einstaklinga og félög. Reglurnar gilda í öllu starfi og viðburðum sem skipulagðir eru af Borðtennissabandinu, aðildarfélögum sambandsins eða viðburðum sem heyra undir nafn Borðtennissambands Íslands með öðrum hætti. Aðildarfélög skulu tryggja að iðkendur, þjálfarar, stjórnendur og aðstandendur séu upplýst um siðareglurnar.

Borðtennissambandið setur hegðunarviðmið til skýringar á siðareglunum.

1. Komdu fram af fullkomnum heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
2. Gættu trúnaðar og þagmælsku í störfum þínum en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningarskyldu.
3. Misnotaðu ekki valdastöðu þína eða hvers konar yfirburði sem þú kannt að hafa yfir öðrum.
4. Gættu jafnræðis og varastu að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. hvað varðar kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kyn, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins.
5. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.
6. Þiggðu hvorki gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi þitt.

Siðareglur BTÍ eru settar eftir fyrirmynd siðareglna ÍSÍ. Siðareglur BTÍ voru samþykktar af stjórn BTÍ þann 26. ágúst 2021.